Reykjavík Culture Travel

## Sinfóníuhljómsveit Íslands aftur á ferð í Edinborg í apríl 2023

Í apríl mun Sinfóníuhljómsveit Íslands leggja land undir fót og heldur í Bretlandsreisu. Hljómsveitin mun m.a. halda tónleika í Usher Hall í Edinborg 23. apríl kl 15:00. Við hjá Reykjavík Culture Travel ætlum að fylgja hljómsveitinni eftir og bjóðum pakkaferð til Edinborgar á tónleika hennar í Usher Hall. Tónleikarnir eru hluti af Bretlandsferð Sinfóníuhljómsveitarinnar 20 – 28 apríl n.k.

Flogið verður með Icelandair til Glasgow þar sem lent er þann 22. apríl kl 10:50. Þaðan verður farið með rútu til Edinborgar sem tekur rúma klst. Flogið í heim frá Glasgow 25. apríl kl. 13:40.

Gist verður á Indogo Hotel Edinburg Princes Street. Indigo Hotel er fjögurra stjörnu hótel vel staðsett í hjarta borgarinnar. Í boði er gisting í eins og tveggja manna herbergjum.

Fyrir bókanir og fyrirspurnir vinsamlegast sendið okkur email á info@reykjavikculturetravel.is.

Verð ***175.000 kr.*** á mann í tvíbýli og ***240.000 kr.*** á mann í einbýli.

Innifalið í verði er:

Flug fram og til baka með Icelandair
Ferðir til og frá flugvellinum í Glasgow og á Indigo hótelið
Gisting í þrjár nætur á Indigo 4* hótel með morgunverði
Miðar á besta stað á tónleikum Sinfoníuhljómsveitar Íslands í Usher Hall
Skoðunarferð um Usher Hall fyrir tónleikana
Starfsmaður Reykjavík Culture Travel á staðnum meðan á ferðinni stendur

*Edinborg er falleg borg með afþreyingu við allra hæfi. Margs konar markaðir eru opnaðir á laugardögum og sunnudögum(Stockbridge market)*
*Meðal þeirra sýninga sem eru í gangi í listasöfnunum eru*
*Bernat Klein: Design in Colourdrawing, í National Museum of Scotland(lokadagur 23. Apríl)*
*Kaffe Fassett: The Power of Pattern í Dovecot Studios*
*svo má minnast á The Queens Gallery og The City Art Centre.*
*Meðal skoðanaferða sem hægt er að mæla með eru Edinborgarkastali, Holyroodhouse höllin, og Wiský og Gin ferðir, Harry Potterganga. Þetta er einungis mjög lítið sýnishorn af því sem hægt er að gera þessa fjóra daga í Edinborg. En starfsfólk okkar er það sönn ánægja að aðstoða ykkur með að finna þá afþreyingu sem hentar hverjum og einum.*

*Verð miðast við gengi 04. janúar 2023 og getur breyst ef umtalsverð breyting verður á gengi.



